

35. tbl.

5. okt. 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Sunnudagaskóli Grenjaðarstað

9. október klukkan 11:00

Loksins er komið að því!

Sunnudagaskóli verður á Grenjaðarstað næstkomandi
sunnudag 9. október klukkan 11:00.

Söngur, brúðuleikrit, leikir og sögur.

Sérstök sunnudagaskólahressing á eftir (Djúss og Skúffu-
kaka).

Hlökkum til að sjá ykkur.

Tora og Þorgrímur.



BÓLUSETNINGAR GEGN COVID-19 OG INFLÚENSU

Boðið verður upp inflúensubólusetningu og/eða grunnbólusetningu eða örvunarskammt gegn Covid-19 á heilsugæslustöðinni á Húsavík.
18. - 20. október kl. 15-16.

Notast verður við uppfært bóluefni gegn COVID-19 í örvunarbólusetningu. Þeir sem hafa ekki lokið grunnbólusetningu fá upprunalega bóluefnið. Mælt er með örvunarskammti gegn Covid-19 fjórum mánuðum eftir að einstaklingur fékk síðasta (þriðja) skammt af bóluefni. Einnig er mælt með að bíða í þrjá mánuði eftir COVID-19 smit.

Áhættuhópar sem eru í forgangi fyrir bæði inflúensu og COVID-19 bólusetningar eru:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðin sem þjást af langvinnnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi konur eftir 12.viku meðgöngu.
Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

COVID-19 bólusetningar eru með öllu gjaldfrjálssar fyrir einstaklinga. Heilbrigðisstofnunum er hins vegar heimilt að rukka komugjald vegna inflúensubólusetninga.

ATH! Bólusetja má gegn inflúensu og Covid-19 á sama tíma annars verða að líða minnst 2 vikur milli bólusetninganna.

**Vinsamlegast pantið tíma í bólusetningarnar í síma 464-0500 eða
464-0501 kl. 10-14.
Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Húsavík**

Leirmótun

LISTASMÍÐJAN Á LAUGUM

Þátttakendur læra helstu grunnaðferðir í mótun leirs. Við vinnum með höndunum og styðjumst við helstu aðferðir sem eru notaðar við að byggja upp viðfangsefnið, t.d. pylsutækni og plötutækni. Á verkstæðinu eru líka til gífmót sem hægt er að byggja upp skálar af ýmsum stærðum. Farið er í gegnum eðli leirsins og hvernig ferlið er frá mótun til brennslu og glerjunar.

Námskeiðið er einstaklingsmiðað þannig að þátttakendur byrja þar sem þeir eru staddir og eru hvattir til að koma með hugmyndir að verkefnum sem við í sameiningu finnum farveg fyrir.

Unnið er með steinleir, hann glerjaður eða notaðir sérstakir leirlitir sem henta vel til skreytingar.

Allt efni innifalið, 5 kg steinleir, leirlitir, glerungar og brennsla.

Skráning og nánari upplýsingar hjá kennara; anitakg@gmail.com eða í s: 698-5161.

Verð 48.000.-*

*Ýmsir fræðslusjóðir greiða námskeiðsgjaldið að hluta fyrir sína félagsmenn. Við minnum fólk á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi

	
Sunnudagar: 30/10, 6/11, 13/11, 20/11 og 27/11	09.00 -13.00



Fjölskyldu-haustgleði í Skjólbrekku

Fjölskyldusamkoma með tónlist, samsöng, vöfflum og gleði!
Hress lög og róleg í bland, eitthvað til að létta lundina, eitthvað
til að dilla sér við og eitthvað til að sungja með.



sunnudaginn 16. október kl. 16:00

**Aðgangseyrir: 1.500 kr. (selt við inngang)
ókeypis fyrir 12 ára og yngri**

Haustgleðin er samstarfsverkefni Tríós Akureyrar og
Kvenfélags Múvatnssveitar. Tríoíð sér um tónlistina og fjörið og
Kvenfélagið um sölu yndælis veitinga.

Nánari upplýsingar á fésbók undir heiti viburðarins.

Haustgleðin er styrkt af Skútustaðahreppi.

Skemmtileg vinna með börnum

Leikskólinn Ylur auglýsir eftir leikskólakennurum/
leikskólastarfsmönnum.



Ylur er eins deilda leikskóli í Mývatnssveit. Í haust er gert ráð fyrir að um 25 börn verði í leikskólanum á aldrinum 1-6 ára en börn eru tekin inn í leikskólann frá 10 mánaða aldri. Ylur er grænfána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á heilsuefningu, leik og útikennslu. Unnið er eftir aga-
stefnunni jákvæðum aga.

Við leitum af starfsfólki sem

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum
- Er lausnamiðað og vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Hefur reynslu/menntun af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskipum, stundvísi, hreint sakarvottorð og hafa náð þrepi C1 í íslensku.

Ef ekki fæst leikskólakennari verður ráðinn starfsmaður með aðra uppeldismenntun eða leiðbeinandi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir einstaklingar án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Fríðindi í starfi

Frí á milli jóla og nýárs.

Vetrarfrí

Íþróttastyrkur

Samgöngustyrkur

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 18. október 2022.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir, anna@reykjahlidarskoli.is og í síma 464-4375.

Nánari upplýsingar um leikskólann er hægt að finna á <https://ylur.leikskolinn.is/>

Gifs- og steypunámskeið

LISTASMÍÐJAN Á LAUGUM

Þátttakendur læra að búa til opin gifsmót. Opin gifsmót eru þau sem "opnast út" ef þú horfir á það á hlið þá er það mjórri að neðan og breiðara að ofan líkt og glas, skál, diskur. Farið verður yfir skreytingatækni og unnið með leirliti á nýsteypta hluti, sem eru svo glerjaðir í lok námskeiðs.

Innifalið, gifs fyrir 2-4 mót (fer eftir stærð, 2 stór eða 4 lítil), steypuleir (8L), leirlitir og glerungur, brennsla.

Skráning og nánari upplýsingar hjá kennara; anitakg@gmail.com eða í s: 698-5161.

Verð 49.500.-*

*Ýmsir fræðslusjóðir greiða námskeiðsgjaldið að hluta fyrir sína félagsmenn. Við minnum fólk á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi



22/10, 23/10,
29/10, 5/11
og 12/11



09.00 -13.00



Þekkingarnet
Þingeyinga

Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing kr. 4.200– m.vsk

heilsíðuauglýsing kr. 6.100.–m vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir s. 8953386

Haustfundur

Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit.

Haustfundur F.E.B.Þ. verður haldinn í Dalakofanum
mánudaginn 10.október næstkomandi kl 14 .

Rætt um vetrarstarfið. Lesin ferðasaga síðustu vorferðar.

Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin.



Tilkynning

frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Tekin hafa verið í notkun ný símanúmer hjá HSN.

- Nýtt aðalnúmer á Húsavík er **432 4800**
- Nýtt aðalnúmer í Reykjavíki er **432 4960**



Guðspjónusta í Mývatnssveit

Guðspjónusta verður í **Reykjavíðarkirkju** sunnudaginn **9. október klukkan 11:00** sem er 17. Sunnudagur eftir þrenningarhátíð. Komum og eigum notarlega morgunstund í kirkjunni á þessum fallega haustdegi.

sr. Örnólfur